



Kópavogsbær

Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í Klettabæ

Kynning í velferðarráði Kópavogs

26. ágúst 2024

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Helstu tilmæli til sveitarfélaga

- Tryggja að ávallt sé ljóst á hvaða grundvelli barn vistast í Klettabæ eða öðrum sambærilegum búsetuúrræðum, að úrræðinu sé vistunargrundvöllurinn ljós og að tilhögun vistunarinnar taki mið af þeim reglum sem af honum leiða.
 - Því er jafnframt beint til sveitarfélaga að leita ávallt ráðgjafar sérfræðingateymis við ákvörðun um vistun barns með fjölþættan vanda og/eða fötlun utan heimilis, lögum samkvæmt.



Helstu tilmæli til sveitarfélaga

- Ítrekað að mat á þjónustupörf, ákvarðanir um þjónustu og inntak stuðningsáætlana eru á ábyrgð sveitarfélaga.
- Sveitarfélög ættu að framkvæma reglulega markmiðstengt árangursmat á vistun barna í Klettabæ.



Helstu tilmæli til sveitarfélaga

- Klettabær og sveitarfélögin eiga að kortleggja hvaða athafnir og ákvarðanir gagnvart börnunum feli í sér þvingun eða nauðung í skilningi barnaverndarlaga og laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.
 - Greina eðli og efni þeirra ákvarðana sem eru teknar gagnvart börnunum með það í huga að skilgreina hvaða ákvarðanir teljast til stjórnvaldsákvarðana í skilningi stjórnsýslulaga.
 - Greina hvort fullnægjandi framsalsheimildir valds til að taka slíkar ákvarðanir séu fyrir hendi í lögum.
 - Útbúa samræmt verklag um athafnir og ákvarðanir sem teljist til stjórnvaldsákvarðana í skilningi stjórnsýslulaga þannig að þær séu lagðar í réttan farveg af hálfu starfsmanna.



Helstu tilmæli til sveitarfélaga

- Samkvæmt viðtölum og fyrirbyggjandi gögnum hafa meðferðaraðilar og annað fagfólk takmarkaða aðkomu að umönnun barnanna frá degi til dags í Klettabæ.
 - Sveitarfélögin og hlutaðeigandi ráðherra gert að taka til skoðunar og meta hvort börn sem vistast í Klettabæ fái þá sérhæfðu og þverfaglegu þjónustu sem þau eiga rétt á og bæta úr ef þörf er talin á.



Helstu tilmæli til sveitarfélaga

- Sveitarfélög skulu tryggja aðgengi barnanna að fulltrúum barnaverndar og félagsþjónustu og möguleikum þeirra á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, s.s. með aðstoð talsmanns, lögmanns eða réttindagæslumanns.
- Þá er því beint til sveitarfélaganna og Klettabæjar að kortleggja réttindi barnanna og upplýsa þau þar um með aðgengilegum og skiljanlegum hætti, svo og aðstandendur þeirra og eftir atvikum talsmenn.
- Tilmælum er loks beint til sveitarfélaganna varðandi fyrirsjáanleika fyrir börnin um lengd vistana þeirra í Klettabæ og endurskoðun.



Helstu tilmæli til sveitarfélaga

- Sveitarfélög skulu viðhafa viðhlítandi innra eftirlit með vistun barna í Klettabæ og þeim tilmælum beint til mennta- og barnamálaráðherra að setja reglugerð um innra eftirlit barnaverndarþjónustna í samræmi við ákvæði laga þar um.